

Morgunblaðið, 13.11.2025, síðu 70.
grein stærð: 597.35 sm2
grein hæð: 23.00 sm

Vídeómiðillinn lifandi fæddur

MYNDLIST
HLYNUR HELGASON



Hafnarhúsið og Listasafn Íslands

Steina: Tímaflakk ★★★★★

Sýning á verkum Steinu. Sýningarstjórar: Helga Christoffersen, Natalie Bell, Markús Þór Andrésson og Pari Stave. Sýningin, sem stendur til 11. janúar 2026, er opin alla daga kl. 10-17, en fimmtudaga til kl. 22 í Hafnarhúsinu.



Innsetning Kúlulaga sjónhverfingar Steinu í verkinu „Af norðri“ frá 2001, úr innsetningu í Listasafni Íslands 2025.

Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands standa nú fyrir stórbrotinni yfirlitssýningu á verkum Steinunnar Briem Bjarnadóttur, Steinu, í tilefni af 85 ára afmæli hennar. Á sýningunni geta landsmenn í fyrsta sinn fengið góða yfirsýn yfir feril Steinu allt frá fyrstu verkum á 7. áratugnum þar til nú. Sýningin er unnin í samstarfi íslenskra og bandarískra safna og henni fylgir vegleg sýningarskrá þar sem ferill hennar og hugmyndafræði eru rakin.

Á sýningunni má sjá hvernig list Steinu þróaðist frá strangri rafrænni óhlutbundinni list áttunda áratugarins – þar sem myndgervlar og vinnsla með tæknilegar tengingar könnuðu efnislega eiginleika sjónvarpsmiðilsins – yfir í yfirgripsmiklar innsetningar þar sem ásýnd landsins er viðfangsefnið. Eldri verkin byggjast á sjálfvirkum vélbúnaði sem birtir áhorfendum ómennska sýn. Nýrri verkin sameþætta tæknina og ljóðræna ásýnd náttúrunnar.

Rafmögnuð ævi

Steina fæddist í Reykjavík árið 1940 og lærði á fiðlu áður en hún varð frumkvöðull í vídeólist. Eftir að hún flutti til New York árið 1965 hóf hún að gera tilraunir með vídeó og uppgötvaði nýjar leiðir til að vinna með hugmyndir sínar um tíma og rúm. Árið 1971 átti hún þátt í að stofna viðburðastaðinn The Kitchen sem gegndi lykilhlutverki í að móta bandaríska tilraunamyndlist og -tónlist. Í tæknilegum verkum sínum í upphafi ferilsins blandaði hún saman hljóð- og myndrásum og notaði fiðluna sína til rafrænnar stýringar vídeóinnsetninga. Seinna meir vann hún áhrifamiklar fjölrása vídeóinnsetningar sem birtu ímyndir landslags til að tjá vélræna sýn og mannlega skynjun. Hún var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 1997 og varð þar með fyrsta konan til að sýna þar fyrir hönd Íslands. Frá árinu 1980 hefur hún búið í Santa Fe og skapað ljóðrænar vídeóinnsetningar út frá íslenskum og ný-mexíkóskum landslagsstefjum.



Ljósmyndir/Hlynur Helgason

Hnöttur Verkið „Alsýn“ frá 1976, úr innsetningu í Listasafni Íslands.

Hrá tækni vídeómerkisins umbreytist í náttúrusýn

Á sýningunni má glöggt sjá hvernig list Steinu hefur þróast frá einbeittri óhlutbundinni list í upphafi, þar sem vídeórafboðin og sjónvarpstækið voru miðillinn, yfir í flókna landslagssýn sem yfirgnæfir skynfærin. Brautryðjendaverk hennar frá fyrri hluta áttunda áratugarins rannsökuðu eiginleika vídeótækninnar, sjónvarpsins, sem rafræns fyrirbæris. Þessi verk meðhöndluðu merki og mynd sem aðskilda þætti sem hægt var að endurraða og móta með frumgerð af myndgervlum og bjögun. Eftir að Steina flutti til Santa Fe varð náttúran henni hugleikin sem viðfangsefni, þótt það væri vitaskuld með vídeótækninna sem miðil. Þá þróuðust verk hennar í átt til náttúrutengdra innsetninga sem einkenna síðari hluta ferils hennar. Sýningin fylgir þessu vel og gefur áhorfendum kost á að feta sig frá hráum grunnrannsóknum Steinu til möguleika rafrænna miðla yfir í margbrotnar náttúrutengdar innsetningar.

Kjarnahugsun vídeólistar

Af eldri verkunum er „Noise-fields“ frá 1974 gott dæmi um róttæka og einbeitta rannsókn Steinu á rafrænum forsendum vídeólistar. Hvikult og tifandi hringform verksins – sem myndast þegar stjórnbúnaður vídeósins skiptir á milli merkjagjafa – birtir það sem venjulega er ósýnilegt: við erum eins og að horfa á eðli sjónvarpsmerkisins fremur en myndina sem tækið birtir venjulega. Vídeómerkið er viðfangsefni verkanna; hljóð, mynd, birtustig og aðrir þættir merkisins taka umbreytingum og eins og falla saman í sameinað hljóð- og myndkerfi í huga áhorfandans.

Í innsetningunni „Machine Vision“ frá 1979 er það vélin sem tekur völdin og hlýtur „sjón“ í lokuðu kerfi. Tvær vídeóvélar ganga á braut um vélknúna spegilkúlu á sínum eigin forsendum og snúast um sig sjálfar í sífellu. „Sýn“ þeirra birtist á sjónvarpsskjám að baki þeim. Hér hefur Steinu tekist að að frelsa sjónina og gera hana óháða mannlegu sjónarhorni. Hér er vélbúnaðurinn nýttur til að búa til ómennskt og ófyrirsjáanlegt auglit. Áhorfandinn getur ekki séð fyrir á hvaða forsendum tækið vinnur; hann neyðist til að fylgja eftir forsendum vélarinnar.

„Of the North“ frá 2001 er dæmi um síðari tíma áherslur Steinu, innsetning byggð á tæknilegri meðhöndlun og umbreytingu náttúruforma. Hér er tölvusýnin hnattræn; kúlulaga sjónhverfingar byggðar á náttúrulegum ferlum og íslensku landslagi umbreyta rafrænni óhlutbundinni list í jarðtengda myndlíkingu. Framsetning verksins er yfirgripsmikil – margar varpanir skapa marglaga sjónræna hreyfingu sem leysir upp mörkin milli tæknilegrar framsetningar og náttúrulegra ferla sem myndin byggist á. Tilfinning verksins felur í sér að áhorfendur færast frá óvirku áhorfi yfir í virka íhugun, þeir verða þátttakendur í hugleiðingum um hnattræna sýn, eru umvafðir umhverfisvitund með umbreyttum landslagsmyndum.

Tímamótasýning

Þetta er að sönnu tímamótasýning, stórviðburður, sem gerir áhorfendum kleift að átta sig á þróun listrænnar sýnar Steinu í heild sinni. Sýningin gerir talsverðar kröfur til áhorfenda og krefst verulegrar athygli og einbeitingar. Verkin frá fyrri hluta ferilsins eru að sönnu torskilin, rafrænar abstraksjónir sem skoða tækni miðilsins innan frá. Síðari innsetningarnar eru einkennilega töfrandi: hér nær vídeótæknin sambandi við hjartslátt náttúrunnar og dregur fram umbreytta fegurð lands og umhverfis.